

Ár 2023, föstudaginn 23. júní er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Helga R. Magnússyni, Ernu Birgisdóttur og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 10/2023:

Framkvæmdastjóri KSÍ
gegn
Knattspyrnudeild ÍBV

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:
Framkvæmdastjóri KSÍ
Klara Bjartmarz

Kærði:
Knattspyrnudeild ÍBV
Fyrirsvarsmaður: Daníel Geir Moritz

II.

Málsatvik:

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 13. júní 2023 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 30. maí, skv. 20. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmileg opinber ummæli og myndskreið sem birt voru af hálfu Daníels Geirs Moritz, formanns knattspyrnudeildar ÍBV. Hafi ummælin og myndbirtingin birst á Twitter vefsíðu Daníels. Að mati framkvæmdastjóra var með ummælunum og myndbirtingunni vegið að heiðarleika og heilindum dómara í leik Vals og ÍBV í Bestu deild kvenna, þann 22. maí sl.

Ummæli sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra eru eftirfarandi:

„Olga Sevcoca er leikmaður ÍBV. Hún er frá Lettlandi. Allar götur síðan hún kom til Íslands hefur mátt sparka í hana af meiri krafti en aðra leikmenn. Í gær sleppir dómari af ásetningi vítaspyrnu þar sem Olga er spörkuð niður. Þetta er ekki tilviljun en algjörlega óþolandi.“

Með Twitter færslu Daníels var birt myndskreið af tilvitnuðu atviki í leik Vals og ÍBV þann 22. maí sl.

Í samræmi við grein 20.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ber að fara með mál, sem framkvæmdastjóri vísar til nefndarinnar á grundvelli 20. greinar, eins og um kærúmal sé að ræða. Greinargerð framkvæmdastjóra var því send til knattspyrnudeildar ÍBV og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 7. júní 2023.

Á fundi nefndarinnar 13. júní 2023 lá fyrir bréf sem barst til skrifstofu KSÍ frá Daníel Geir Moritz, formanni knattspyrnudeildar ÍBV. Í bréfinu kom m.a. eftirfarandi fram:

„Í ummælum mínum nefni ég að dómari hafi af ásetningi sleppt því að dæma víti. Þau orð stend ég við því dómari leiksins sér atvikið mjög vel en ákveður að dæma vitlaust gegn betri vitund. Þarna er ekki hægt að skýla sér á bakvið mistök, rétt eins og urðu í leik Stjörnunna og ÍBV á dögnum þar sem dómari sá ekki atvik. Dómarinn sér þetta mjög vel en dæmir ekki víti.

Ummæli mín svarta ekki íslenska knattspyrnu en svona dómgæsla gerir það og hafði þetta neikvæð áhrif á það lið sem ég er í forsvari fyrir. Ég hlýt að mega benda á það.

Í viðhengi eru ummæli sem ég viðhafði einnig í þessu samtali en vantaði í kærugögn. Þar bendi ég á að dómari leiks Vals og ÍBV var ekki að dæma öðruvísi en aðrir dómarar og var þarna ekkert nýtt á nálinni varðandi Olgu. Leikmenn eru ekki spjaldaðir eins og eðlilegt væri fyrir að brjóta á henni og hún fær nær aldrei víti þótt oft sé brotið á henni innan teigs. Skoðið það frekar en að kæra okkur/mig.

Þá vil ég líka benda á að ég sýni störfum dómara ávallt virðingu, hef aldrei á þessum fjórum árum skrifað nokkuð á samfélagsmiðla fyrr en þarna. Við dómara hef ég alltaf gott samband á leikjum og fá þeir höfðinglegar móttökur hjá knattspyrnuráði þegar þeir koma til Eyja.

En þeir eru ekki yfir gagnrýni hafnir.“

III.

Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort framkoma forystumanns hjá knattspyrnudeild ÍBV, Daníels Geirs Moritz, sem vitnað er til í greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 30. maí sl., falli undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skadað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.“

Með vísan til greinar 4.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skulu félög, iðkendur, forystumenn og aðrir jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik, sbr. grein 4.2. sömu reglugerðar. Ennfremur segir í grein 5.10. laga KSÍ, að sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.

Að því virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli og myndskreið sem birt var af hálfu Daníels Geirs Moritz hafi verið ósæmileg, ummælin hafi verið óvægin og til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummæli Daníels undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 12.9.e), hefur brot á 20. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 200.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 13. júní 2023 að sekta knattspyrnudeild ÍBV, um kr. 100.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Daníels Geirs Moritz. Við ákvörðun viðurlaga horfir nefndin m.a. til þess að bréf frá kærða knattspyrnudeild ÍBV beri ekki merki iðrunar vegna hinnar kærðu ósæmilegu framkomu.

IV.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild ÍBV skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]